

Mál nr. 27/1999

M v/bifreiðarinnar B

og

Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar kaupstaðar.

**Skemmdir á bifreið þann 23.12. 1998, ágreiningur um hvort
rekja megi skemmdirnar til vanrækslu við snjómokstur.**

Gögn.

1. Málskot móttakið 03.02. 1999, hjálagt fylgdi umfjöllun málskotsaðilans og afstöðuteikning.
2. Skýrsla lögreglu.
3. Tjónstilkynning ábyrgðartryggingar dags. 30.12. 1998.
4. Frásögn ökumanns bifreiðarinnar dags. 14.01. 1999.
5. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar dags. 11.02. 1999 þar sem hjálagt fylgdu ljósmyndir af aðstæðum á vettvangi.
6. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 122/1999.

Málsatvik.

Samkvæmt skýrslu lögreglu kvað ökumaður bifreiðarinnar að tjón hafi orðið á bifreiðinni þegar hann bakkaði frá heimili sínu. Aðsögn ökumannsins rakst svunta bifreiðarinnar undir framstuðaranum niður í harðan snjó og brotnaði þegar bifreiðinni var ekið út á götuna. Lögreglan athugaði aðstæður og lætur þess getið að þar sem bifreiðin fór um hafi verið 30 cm hæðarmismunur á götu og snjónum sem bakkað var niður af. Fram kemur að þetta hafi verið nokkuð kröpp brún sem hafi orðið til við mokstur götunnar, þó ekki sé um ruðning að ræða. Fram kemur að staðurinn sem tjónið varð á er í beinni stefnu framan við bílskúrsdýrnar að heimili ökumannsins.

Álitaefnið er hvort bæjarstarfsmenn hafi valdið tjóni á bifreiðinni með óvarlegum vinnubrögðum við snjómokstur. Málskotsaðilinn (eigandi bifreiðarinnar) og ökumaður telja að svo hafi verið. Að kvöldi 22.12. sl. hefðu bæjarstarfsmenn mokað götuna og að þá um nóttina hafi frosið. Ökumaðurinn lætur þess getið að honum er “óskiljanlegt hvernig það er hægt að sýna gáleysislegan akstur við að bakka bíl frá húsi ca 2 bíllengdir.” Hann telur vinnubrögð bæjarstarfsmanna óviðunandi.

Í tjónstilkynningu vegna ábyrgðartryggingar getur skýrslugjafi þess að hann telur að tjónið hafi orðið vegna ógætilegs aksturs bifreiðarinnar.

Vátryggingafélagið lætur þess efnislega getið að við snjómokstur gatna og gangstétta geri umráðamenn snjómoksturstækja sér far um að hreinsa götur og stéttir eins vel og auðið er og að húsráðendur verði sjálfir að moka heimkeyrslur og lagfæra hryggi eftir snjómoksturstæki.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum er ekki tilefni til að leggja ábyrgð á starfsmenn bæjarins. Virðist sem ökumaður bifreiðarinnar hafi ekki gætt þeirrar aðgæslu sem nauðsynleg var við akstur bifreiðar sinnar.

Niðurstaða.

Ekki hefur verið sýnt fram á bótaábyrgð.

Reykjavík 9. mars 1999

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.